

## Efni: Blönduð byggð - Ljárskógar. Breyting á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020- 2032

Breiðafjarðarnefnd hefur kynnt sér greinargerð til grundvallar tillögu að breytingu á aðalskipulagi Dalabyggðar 2020- 2032. Nefndin bendir á nokkra þætti sem hún undirstrikaði í sinni umsögn frá 20. september 2023, þar sem m.a. þetta kom fram:<sup>1</sup>

Breiðafjarðarnefnd vill að lokum undirstrika mikilvægi strandsvæðis Breiðafjarðar. Breiðafjörður er verndaður samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og er tilgangur laganna að stuðla að verndun svæðisins, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Fyrirhugaðar framkvæmdir í landi Ljárskóga munu valda áhrifum á alla þætti verndunar og þarf þar af leiðandi að skipuleggja svæðið með varúð.

(Breiðafjarðarnefnd, 20. september 2023; bls. 3)

Breiðafjarðarnefnd telur að bæta mætti greinargerð til grundvallar aðalskipulagsbreytingu með verndarsvæðið í huga. Fram kemur í greinargerð að breytingin falli undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. 2. gr. laganna. Auk þess er tilgreint að áhrif á vistgerðir sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga séu metin sérstaklega og að vistgerðir skuli verða kortlagðar áður en það kemur til frekari uppbyggingar á svæðinu.

Breiðafjarðarnefnd telur að ekki hafi verið tekið nægilega tillit til verndarsvæðisins við gerð umhverfismats. Breiðafjarðarnefnd undirstrikar mikilvægi strandsvæðisins, sem er verndað samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja<sup>2</sup>. Í töflu 4.1 í greinargerðinni með skipulagsbreytingunni eru tilgreindir þeir matsþættir og umhverfisþættir sem líklegt er talið að verði fyrir áhrifum vegna breytinga á aðalskipulaginu, sbr. mynd 1 fyrir neðan.

---

<sup>1</sup> Breiðafjarðarnefnd. (20. september 2023). *Umsögn vegna skipulagslýsingar fyrir blandaða byggð í landi Ljárskóga í Dalabyggð.*

<sup>2</sup> Lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1995054.html>; 1. grein.

Matsþáttur	Mikilvægir umhverfisþættir <sup>11</sup>	Skýringar
Náttúra og landslag	Líffræðileg fjölbreytni, jarðmyndanir, jarðvegur, loftslag og landslag	Áhrif af uppbyggingu svæðis fyrir verslun og þjónustu og frístundabyggð, rask vegna uppbyggingar húsa, innviða og vega að svæðinu. Breyting á ásjón lands við ströndina. Uppbyggingin er ekki líkleg til að auka álag á vatnshlot <sup>12</sup> að því gefnu að vel verði gengið frá frárennisli
Atvinna og samfélag	Íbúar, heilbrigði manna, jarðvegur og efnisleg verðmæti	Áhrif af auknum umsvifum og fjölbreytni atvinnulífs vegna uppbyggingar útleiguhúsa og þjónustu við ferðamenn. Áhrif af tímabundnum störfum sem verða til á uppbyggingartímanum. Aukin seigla og sveigjanleiki samfélagsins vegna nýrrar atvinnustarfsemi. Áhrif á landbúnaðarland
Menningarminjar og landslag	Menningararfleifð, efnisleg verðmæti og landslag	Möguleg áhrif á fornleifar. Breytt ásjón lands vegna uppbyggingar. Áhrif af ferðaþjónustu sem nýtir tengsl við sögu og náttúru svæðisins

Mynd 1: Matsþættir og umhverfisþættir sem líklegt er talið að verði fyrir áhrifum vegna breytingar á aðalskipulagi. Heimild: Greinargerð vegna aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Ljárskógar; bls. 14.

Matsþættirnir innihalda lykilþætti eins og náttúru, landslag og menningarminjar, sem allt eru þættir sem njóta verndar samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd telur að þrátt fyrir upptalningu lykilþátta hafi ekki verið nægilega gætt að verndarsvæðinu í skýringum þátta og fylgjandi tillögum í kafla 4.4 greinargerðar.

Kafla 4.4 greinargerðarinnar inniheldur tillögu að umhverfismati, bæði í töflum og skýringum. Nefndin bendir sérstaklega á töflu þar sem hún telur að ekki hafi verið gætt að verndarsvæðinu, sbr. mynd 2.

## NÁTTÚRA OG LANDSLAG

Matsspurning/ Vægis-einkunn	Núll-kostur	A-kostur	B-kostur
Hefur stefnan/valkosturinn áhrif á svæði á náttúruminjaskrá?	0	-	0
Hefur stefnan/valkosturinn áhrif á svæði sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga?	0	?	?
Hefur stefnan/valkosturinn áhrif á lykil vistkerfi eða mikilvægar vistgerðir?	0	?	?
Hefur stefnan/valkosturinn áhrif á og raskar fágætum landslagsheildum eða breytir ásjón lands?	0	-	-
Veldur stefnan/valkosturinn aukinni losun gróðurhúsalofttegunda?	+	-	-

Mynd 2: Tillaga að umhverfismati samkvæmt greinargerð vegna aðalskipulagsbreytingar. Heimild: Greinargerð vegna aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Ljárskógar; bls. 15.

Núll-kostur er sá kostur þar sem engar skipulagsbreytingar yrðu leyfðar á svæðinu. Samkvæmt mynd 2 verða engin áhrif, táknuð með tölustafnum 0, á fágætar landslagsheildir eða ásýnd lands vegna núll-kosts. Auk þess er tekið fram að engin áhrif verði á svæði sem njóta verndar skv. 61 greinar náttúruverndalaga.

Breiðafjarðarnefnd bendir á að ekki hefur farið fram kortlagning gróðurs á svæðinu en samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er starungsmýravist algengasta vistgerðin á skipulagssvæðinu. Breiðafjarðarnefnd telur að núll-kosti fylgi jákvæð áhrif fyrir vernduð vistkerfi á svæðinu, því hann viðheldur ástandi sem nýtur verndar skv. lögum. Auk þess telur Breiðafjarðarnefnd að núll-kostur hafi áhrif á svæði sem er verndað fyrir sína náttúrulegu ásýnd og nær yfir 5 ha land á skipulagssvæðinu samkvæmt greinargerð. Núll-kostur að mati Breiðafjarðarnefndar hefur jákvæð áhrif á verndarsvæðið og ætti umhverfismatið að endurspegla það.

Í samantekt umhverfismats í greinargerð kemur fram að „núll-kostur hefur heilt yfir óveruleg áhrif og neikvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem voru til skoðunar“<sup>3</sup>. Breiðafjarðarnefnd bendir á að enginn matsþáttur í tillögu umhverfismats er merktur neikvæður, sbr. töfluna „náttúra og landslag“ hér fyrir ofan og í kafla 4.4 í greinargerð. Breiðafjarðarnefnd telur að tillagan sýni fram á, jafnvel án ofanefndrar breytingartillögu Breiðafjarðarnefndar, að núll-kostur hafi í heild óveruleg og jákvæð áhrif á þá umhverfisþætti sem eru til skoðunar.

Að lokum undirstrikar Breiðafjarðarnefnd mikilvægi landslags Breiðafjarðar við skipulagssvæðið. Ljárskógar liggja meðfram strandlengju Breiðafjarðar sem er vernduð samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og framkvæmdir á og við verndarsvæðið hafa áhrif á landslag þess, sem nýtur verndar skv. lögum um vernd Breiðafjarðar. Breiðafjarðarnefnd telur að skipulagið að svo stöddu taki ekki nægilega tillit til verndarsvæðisins.

Virðingarfyllt,

F.h. Breiðafjarðarnefndar



Erla Friðriksdóttir,

formaður Breiðafjarðarnefndar

---

<sup>3</sup> Dalabyggð. (2023). *Greinargerð - Aðalskipulag Dalabyggðar 2020-2032 – Ljárskógar*; bls. 17.